

Desemberbréf Laugargerðisskóla 2021

Nú þegar aðventan er byrjuð eru flestir komnir í smá jólaskap. Nemendur eru byrjaðir að skreyta í skólanum og byrjuð í jólaföndri. Desember er frekar rólegur hjá okkur og því kjörið tækifæri til að slaka aðeins á og njóta aðventunnar. Það verður að mestu hefðbundin kennsla þennan mánuð en að sjálfsögðu munum við brjóta upp öðru hverju með föndri. Við ætlum aðeins að bregða út af skóladagatali og flýta litlu-jólinum til 17. desember. Þetta verður hefðbundinn dagur þ.e. hefst kl 08:20 en ætlum að hafa stofujól eftir kennslu. Við endum síðan daginn á góðu kaffi. Nánar auglýst síðar.

9. des. Rökkurró í Hofstaðaskógi með Lýsuhólsskóla kl. 14:00 - 16:00. Í framhaldi verður langur dagur hjá 1.-10. bekk til 20:00

13. des. Tónlistardagur hjá Jenna. Hefst kl 13:00, foreldrar/forráðamenn velkomnir

17. des. Litlu jólin

Sú venja hefur verið hér í mörg ár að nemendur gefi hverjir öðrum gjafir í tengslum við stofujólin og munu þeir einnig gera það nú í ár. Verð hvernar gjafar ekki meira en 1000 - 1500 krónur. Dregið er um gjafirnar í bekkjunum. Gott að skila gjöfum til umsjónarkennara með góðum fyrirvara.

Afmælisbörn desember: Luise (3), Halldór (4)

Starfsdagur 3. janúar hjá starfsfólki.

Fyrsti kennsludagur eftir jólafrí verður þriðjudagurinn 4. janúar 2022.

Gleðileg jól .

Starfsfólk Laugargerðisskóla

